



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Danska (DAN2A06)

Háskólabrú

Áfangalýsing

Námskeiðið miðar að því að auka skilning og færni nemenda í dönsku. Lögð er megináhersla á þjálfun í tjáningu, bæði munnlegri og ritaðri með ýmiskonar æfingum. Lesnir verða margvíslegir textar, bæði bókmenntatextar, sérhæfðir textar og textar valdir eftir áhugasviði nemenda. Textarnir verða ýmist vandlega lesnir eða hraðlesnir, ræddir og þýddir. Út frá þeim munu nemendur skrifa stutta texta, lengri útdrætti eða stuttar ritgerðir. Orðaforði verður treystur markvisst og lögð áhersla á að nemendur kynnist danskri menningu á fjölbreyttan hátt. Hlustun er mikilvægur hluti námskeiðisins og áhersla lögð á að auka skilning á töluðu máli og dægurlögum. Notkun orðabóka og málfræðireglna verður þjálfuð. Lögð er áhersla á að nemendur geti beitt meginreglum danskrar málfræði bæði munnlega og skriflega.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á eigin námsframvindu og séu meðvitaðir um mismunandi aðferðir til að tileinka sér tungumál. Mikilvægt að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og efli sjálfstraust sitt gagnvart tungumálinu.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið grunnskólaprófi í dönsku.

Þrep

Áfanginn er á 2. þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- menningu, hefðum, viðhorfum og gildum í dönsku samfélagi og tengslum þess við Ísland
- uppruna dönskunnar og skyldleika við íslensku
- almennum og þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar, bæði munnlega og skriflega

- textasmíð um bókmenntaleg málefni og meðferð heimilda
- danskri málfræði og stafsetningu til markvissarar notkunar, bæði munnlega og skriflega.
- notkun hjálpargagna, s.s. orðabóka, leiðréttingaforrita auk ýmissa hjálpargagna á netinu
- dönskum hljóðum og framburði tungumálsins

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja mismunandi textagerðir, um almenn mál, sérhæfða texta og bókmenntatexta
- lesa sér til ánægju eða upplýsinga texta sem gerir miklar kröfur til lesandans
- beita mismunandi lestraraðferðum sem hæfa viðfangsefninu og gerð textans
- hlusta og skilja danskt talmál um kunnuleg efni þegar talað er skýrt
- hlusta á danska tónlist og skilja innihald söngtextans
- tjá sig munnlega um kunnuleg efni og geta gert grein fyrir eigin verkefnum á dönsku
- tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt
- vinna með bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt
- skilja og nýta málfræðireglur

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja almennt talað mál, fjölmiðlaefni, fræðigreinar og annað flóknara efni
- halda uppi samræðum, tjá sig um eigin hugmyndir og skoðanir og geta rökstutt mál sitt
- skrifa mismunandi villulausa texta, bæði formlega og óformlega
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta sem tekur mið af lesandanum
- nýta nýjan orðaforða bæði í talmáli og ritmáli
- skilja umræður og talað mál, bæði formlegt og óformlegt
- vera meðvitaður um eigin færni í tungumálinu og efla eigin leiðir til að tileinka sér málið

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og lokaprófi sem gildir til lokaéinkunnar.